

Hvað er persónuvernd?

Hvernig kemur hún mér við?

Efnið í þessu verkefni eru unnið upp úr bæklingi Persónuverndar á Íslandi:
<https://www.personuvernd.is/einstaklingar/fraedsluefni/baeklingur-einkamal-ungmenna>

Hæfni sem þú þjálfar í þessu verkefni er m.a.:

Upplýsingatækni:

- ☐ Sýnir ábyrgð við meðferð og dreifingu upplýsinga hvort sem er til persónulegra nota eða heimilda- og verkefnavinnu.
- ☐ Nýtir rafrænar leiðir og samskiptamiðla af ábyrgð, vinnur í samræmi við reglur um ábyrga netnotkun og er meðvitaður um eigin siðferðislega ábyrgð.

Íslenska/lykilhæfni:

- ☐ Les almenna texta af öryggi og með skilningi,
- ☐ Getur fjallað um ábyrga netnotkun.
- ☐ Tekur ábyrgð á eigin samskiptum á neti og netmiðlum.

Paraverkefni:

Þú vinnur þetta verkefni með öðrum nemanda.

Nafnið mitt:

Nafnið á félaga mínum:

Lesið – spyrjið – svarið:

Hér á eftir koma nokkrir textar um persónuvernd og miðlun mynda og annarra upplýsinga á netinu. Þú **lest** textann, skrifar eina **spurningu** um efni hans og **svarar** síðan spurningunum fyrir neðan.

Spurningin sem þú skrifar þarf að vera umræðuspurning, þ.e. vera þannig að hún bjóði öðru fólki í samtal um ákveðið atriði í textanum.



Mynd af vefnum:

<https://edusoftlearning.com/tip-8-ask-question-give-students-moment-prepare-write-answer-chat/>

1. Hvað eru persónuupplýsingar?



Persónuupplýsingar eru allar upplýsingar sem hægt er að tengja við þig, t.d. nafn, kennitala, heimilisfang, ljósmynd eða upptaka af þér. Persónuupplýsingar eru upplýsingar um fólk, ekki fyrirtæki eða dýr.

Persónuupplýsingarnar þínar og réttur þinn til einkalífs njóta verndar samkvæmt persónuverndarlögum, stjórnarskránni og barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Þú átt rétt á að vita:

- hvort fyrirtæki, stofnanir eða aðrir safna eða nota persónuupplýsingar um þig
- hvaða upplýsingar um þig eru notaðar og í hvaða tilgangi
- hvaðan upplýsingarnar komu, ef þær komu ekki frá þér
- hvort upplýsingunum verður deilt með einhverjum öðrum – og þá hverjum

Umræðu spurningin þín um þennan kafla:

Þú getur t.d. búið til spurningu á þennan hátt: Eruð þið sammála að...? Skiptir máli að...?

Krossaðu við rétt svar í eftirfarandi spurningum:

Hvað eru persónuupplýsingar?

- ☐ Allar upplýsingar.
- ☐ Allar upplýsingar um þig.
- ☐ Allar upplýsingar sem hægt er að tengja við þig.
- ☐ Upplýsingar um manneskjur, dýr og fyrirtæki.

Persónuupplýsingar þínar og réttur þinn til einkalífs njóta verndar skv. hvaða lögum?

- ☐ Persónuverndarlögum.
- ☐ Stjórnarskrá Íslands.
- ☐ Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna.
- ☐ Samkvæmt öllum þremur lagabálkunum sem taldir eru upp hér að ofan.

2. Nafnlaus á netinu?

Hefur þú velt því fyrir þér hversu mikið af upplýsingum er skráð um þig á hverjum degi og hvað verður um þær?

Persónuupplýsingarnar okkar eru verðmæt sölubætur. Næstum allar þær upplýsingar sem við setjum sjálf á Netið eru skráðar og geymdar. Svo eru líka til ýmiss konar upplýsingar um okkur annars staðar, til dæmis hjá stjórnvöldum. Hvað gerist þegar alls konar upplýsingum um okkur er safnað saman og þær eru notaðar í allt öðrum tilgangi en við gerðum ráð fyrir í byrjun?



Mynd af vefnum: <http://clipart-library.com/free/theater-masks-transparent.html>

Þegar við sitjum ein fyrir framan tölvuskjá getur verið auðvelt að trúa því að enginn fylgist með því sem við erum að gera og að enginn viti hver við erum eða hvar við erum. En það er ekki rétt. Tæknin gerir fyrirtækjum og einstaklingum mögulegt að nálgast mikið af upplýsingum um þig og netvenjur þínar. Þessar upplýsingar eru svo til dæmis notaðar til þess að senda þér auglýsingar í gegnum samfélagsmiðla, sem eru líklegar til að hafa áhrif á þig, eða stýra því hvaða niðurstöður birtast þegar þú notar leitarvél á Netinu.

Þú berð líka ábyrgð!

Þegar þú deilir myndum eða öðrum upplýsingum á Netinu, þá berð þú ábyrgð á því. Áður en þú birtir nokkuð á Netinu er því alltaf rétt að huga að því:

- hvaða áhrif birtingin hefur á þig – ertu að deila upplýsingum um þig með of mörgum?
- hvaða áhrif birtingin hefur á annað fólk – ertu að deila upplýsingum um vini þína eða aðra, sem þeir vilja ekki að þú birtir?

Umræðu spurningin þín um þennan kafla:

Þú getur t.d. búið til spurningu á þennan hátt: Skiptir máli að...? Hvernig veistu...? Hefur þú hugsað um...?

Skrifið rökstutt svar við spurningunni – þið þurfið að hugsa út fyrir textann:

Hverjir geta grætt á því að safna og nota persónu upplýsingar um þig?



3. Persónuvernd á samfélagsmiðlum?

Það er auðvelt að búa til prófíl á samfélagsmiðlum og það getur verið gaman að nota þá til að deila myndum og upptökum og spjalla við aðra. En veist þú hverjir geta skoðað prófílinn þinn?

Flestir samfélagsmiðlar leyfa notendum sínum að ákveða sjálfir hverjir fá að skoða prófílinn þeirra.

Ef þú hefur aldrei skoðað friðhelgisstillingarnar þínar er líklegt að prófílinn þinn sé opinn fyrir öllum – ekki bara vinum þínum – og að ókunnugt fólk geti skoðað myndirnar þínar og annað efni sem þú hefur deilt.

Sumir samfélagsmiðlar eru auk þess tengdir við leitarvélar á Netinu, þannig að þegar nafnið þitt er slegið inn í leitarvélina birtist tenging á prófílinn þinn.

- Þú ræður hvort prófílinn þinn er opinn öllum eða aðeins vinum þínum.
- Passaðu að aðgangurinn að prófílum þínum sé stilltur eins og þú vilt.
- Farðu reglulega yfir friðhelgisstillingarnar þínar og skoðaðu hverjir geta séð hvað.

Umræðu spurningin þín um þennan kafla:

Þú getur t.d. búið til spurningu á þennan hátt: Hefur þú þælt í...? Finnst þér skipta máli að...?

Hvað þýða orðin?

Farðu á <https://malid.is/>, sláðu hvert orð í leitarreitinn og flettu því svo upp í „Íslensk nútímamálsorðabók“. Athugaðu að orðabókin dugar ekki alltaf til að útskýra þessi orð, þá þurfið þið að nota ykkar eigin skilning og útskýringar.

Prófíll

Samfélagsmiðill

Friðhelgisstillingar

Leitarvélar

4. Öpp (smáforrit) geta safnað upplýsingum

Flestir nota smáforrit/öpp eða leiki í sínu daglega lífi. Þegar þú sækir smáforrit eða öpp þarftu yfirleitt að samþykkja skilmála, sem leyfa forritinu að safna ákveðnum upplýsingum um þig og vini þína. Stundum eru þessar upplýsingar nauðsynlegar til þess að forritið virki eins og það á að gera en í öðrum tilvikum ekki. Sum þessara forrita eru jafnvel beinlínis hönnuð í þeim tilgangi að safna eins miklum upplýsingum um þig og hægt er.

Það er því alltaf góð regla, þegar þú sækir svona forrit, að skoða hvaða upplýsingum er óskað eftir og velta fyrir þér hvers vegna þarf að veita þessar upplýsingar. Forrit, sem notar andlitsmynd af þér til að segja þér hverjum þú líkist, þarf til dæmis ekki aðgang að hljóðnemanum í símanum þínum, eða hvað?

Umræðu spurningin þín um þennan kafla:

Þú getur t.d. búið til spurningu á þennan hátt: Hefur þú pælt í...? Finnst þér skipta máli að...?

Krossaðu við rétt svar í eftirfarandi spurningum:

Hvað er rétt?

- ☐ Öpp geta ekki safnað upplýsingum um þig.
- ☐ Öpp geta safnað upplýsingum um þig.
- ☐ Öpp geta safnað upplýsingum um þig án þess að þú samþykkir það.
- ☐ Öpp virka ekki ef þau fá ekki að safna upplýsingum um þig.

Hvað eru mörg öpp í símanum þínum?

- ☐ 1-10
- ☐ 11-20
- ☐ 21-40
- ☐ 41-60
- ☐ 61 eða fleiri.

Veistu hvaða upplýsingum leikir í símanum þínum safna?

- ☐ Já, ég les skilmála alltaf vel áður en ég set app inn á símann minn.
- ☐ Stundum, ég veit hvaða upplýsingum sum öppin í símanum mínum safna.
- ☐ Nei, ég man ekki hvaða skilmála ég samþykkti þegar ég sótti öppin.
- ☐ Nei, ég les aldrei skilmálana þegar ég sæki nýtt app.

5. Samþykki er alltaf regla (næstum því)

Almenna reglan er sú að aðrir mega ekki nota persónuupplýsingarnar þínar – til dæmis með því að skrá þær eða láta aðra hafa þær – nema þú hafir samþykkt það fyrst. Samþykkið er ekki gilt ef þú varst þvinguð/þvingaður til að gefa það. Þú getur líka alltaf tekið samþykkið til baka ef þú vilt.

Í flestum tilvikum eru það foreldrar/forráðamenn þínir sem geta samþykkt vinnslu persónuupplýsinga um þig fram að 18 ára aldri. Foreldrar þínir eiga samt alltaf að hafa samráð við þig áður en þau taka ákvörðun. Skoðanir þínar eiga að skipta meira máli eftir því sem þú verður eldri. Það á líka við þegar það eru foreldrar þínir sem birta myndir af þér á Netinu, svo dæmi sé nefnt.

Í sumum tilvikum þarf þó ekki samþykki frá þér eða foreldrum þínum til þess að vinna persónuupplýsingar um þig. Það á til dæmis við þegar stjórnvöld skrá upplýsingar um þig í tengslum við starfsemi sína. Skólar þurfa alltaf að skrá tilteknar upplýsingar um nemendur sína og ef þú ferð til læknis skráir hann upplýsingar um þig í sjúkraskrána þína.

Umræðu spurningin þín um þennan kafla:

Þú getur t.d. búið til spurningu á þennan hátt: Hefur þú pælt í...? Finnst þér skipta máli að...? Ef þú værir í þessari stöðu...?

Krossaðu við rétt svar í eftirfarandi spurningum:

Mega aðrir, einstaklingar og stofnanir, nota persónuupplýsingar um þig? (Það eru fleiri en eitt svar rétt)

- ☐ Samkvæmt lögum mega allir nota persónuupplýsingar um þig eins og þeim sýnist.
- ☐ Enginn má nota persónuupplýsingar um þig nema með þínu leyfi.
- ☐ Aðrir einstaklingar verða alltaf að hafa þitt leyfi.
- ☐ Foreldrar þínir geta gefið öðrum leyfi til að nota persónuupplýsingarnar þínar þar til þú ert orðin/orðinn 18 ára.
- ☐ Skólar mega skrá og nota persónuupplýsingar um þig án þíns samþykkis.
- ☐ Verslanir mega skrá og nota persónuupplýsingar um þig án þíns samþykkis.
- ☐ Sjúkrahús mega skrá og nota persónuupplýsingar um þig án þíns samþykkis.

6. Að deila

Þegar þú setur myndir og aðrar upplýsingar á Netið þá getur stundum verið erfitt eða ómögulegt að eyða þeim. Jafnvel þótt þú fjarlægir þær þá getur verið að einhver hafi tekið skjáskot og deilt því með öðrum. Þegar þú sendir vinum þínum myndir eða myndbönd í símanum getur þú ekki tekið það til baka þótt þú sjáir eftir því seinna.

Það getur því verið gott að setja sig í spor annarra áður en maður deilir mynd eða upptöku af þeim með öðrum. Ef þetta værir þú á myndinni, myndir þú þá vilja að henni væri deilt? Það er alltaf best að fá samþykki fyrst.

Mundu líka að það getur verið lögbrot, sem þú berð ábyrgð á, ef þú deilir viðkvæmum upplýsingum eða myndum af öðrum án samþykkis þeirra.

Umræðu spurningin þín um þennan kafla:

Þú getur t.d. búið til spurningu á þennan hátt: Finnst þér í lagi að...? Finnst þér skipta máli að...? Ef þú værir í þessari stöðu...?

Heilræði:

Getur þú gefið jafnöldrum þínum heilræði um netnotkun?

Reyndu að skrifa hvetjandi setningu sem þú myndir sjálfur taka eftir og hlusta á:



Mynd af vefnum: <https://corsairmediaservices.com/index.php/blog/128-the-second-share>